



## Markaðsstofa Suðurlands

### Fundargerð

6. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudaginn 5. febrúar 2024, sem er fjarfundur að þessu sinni.

#### Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.

Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga

Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands

Geir Gígja, Ferðamálasamtök Suðurlands

Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu

Brynhildur Jónsdóttir, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

#### Dagskrá

1. Verkefni undanfarið og fram undan
2. Staða samninga
3. Starfsáætlun 2024
4. Önnur mál

[Verkefni síðastliðinna mánuði og það sem er fram undan](#)

Framkvæmdastjóri fer yfir helstu verkefni undanfarið og þau helstu sem *fram undan eru*.

#### Markaðsmál

##### Samstarf við ferðaþjónustufyrirtæki

Nokkur ný fyrirtæki komu í samstarf í aðdraganda Mannamóta og því fylgir m.a. að koma upplýsingum um fyrirtækin á vefinn south.is og öllum nýjum fyrirtækjum er boðið á stuttan fund til að ræða samstarfið. Árið 2023 komu um 20 fyrirtæki inn í samstarf við markaðsstofuna.

## **Eldfjallaleiðin**

Unnið hefur verið að birtingaráætlun, samfélagsmiðlafærslum (ekki farið í loftið enn) og þýðingu efnis á íslensku. Fundur er fyrirhugaður á næstunni með Markaðsstofu Reykjaness um framhaldið. Báðir aðilar eru þó sammála um að það sé alveg orðið tímabært að fara að setja í loftið viðeigandi fræðsluefni um eldvirkni og hvernig þjóðin hefur búið með henni í gegnum aldirnar.

*Fram undan er morgunfundur fyrir samstarfsfyrirtækin þar sem rætt verður hvernig best er að kynna Eldfjallaleiðina fyrir ferðamönnum og ferðaskrifstofum.*

## **Samfélagsmiðlar, vefur og áhrifavaldar**

Vinna við vef og samfélagsmiðla er sífellt í gangi. Auk þess er á landinu núna franskur áhrifavaldur (withaxie, Instagram, 221 þúsund fylgjendur) sem við unnum einnig með síðasta sumar. Mikil ánægja var með hennar vinnu síðasta sumar en þá skilaði hún okkur miklu og góðu myndefni og er að birta gott efni fyrir svæðið og fyrirtækin sem taka þátt í samstarfinu. Samstarfsfyrirtæki hafa verið mjög viljug til að nýta þessi markaðstækifæri sem skapast með þátttöku í slíkum verkefnum. Nejra hitti Axie á Höfn í síðustu viku og ræddu samstarfið og hvernig ferðin væri búin að ganga.

## **Samstarf við sveitarfélög og SASS**

- Í desember var áfangastaðaáætlun kynnt fyrir byggðapróunarfulltrúum Suðurlands.
- Fundað með faghóp sveitarfélaganna þar sem meðal annars var kynnt gönguleiðaverkefni (gagnagrunnur) Ferðamálastofu. Þar geta sveitarfélög og aðrir aðilar fengið lánað nákvæmt tæki hjá Ferðamálastofu til að kortleggja leiðir sem hægt er að færa svo inn í grunn ásamt ýmsum upplýsingum um leiðarnar. Lykilatriði er að sátt ríki um leiðirnar þegar kemur að landeigendum og umsjónaraðilum. *Fram undan er næsti faghópsfundur um miðjan febrúar.*
- Framkvæmdastjóri hitti sveitarstjórnir Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps í janúar og kynnti starfsemi MSS. *Fram undan eru fundir með sveitarstjórn Flóahrepps og nýjum markaðs- og kynningarfulltrúa Rangárbings ytra.*
- Vala aðstoðaði jarðvang og sveitarfélög við að klára uppfærslu á Kötlu jarðvangs kortinu og er það að verða klárt í prentun. Áður hafði verið lokið við Gullna hrings kortið og *fram undan er að klára kortið með Ríki Vatnajökuls.*
- Stjórn SASS samþykkti tvær tillögur MSS að áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands fyrir 2024. Annað verkefnið ber heitið Matarauður Suðurlands – sögur og sýnileiki og hitt Menningarperlur Suðurlands – sögur og sýnileiki. Verkefnin hlutu 4,5 milljónir í framlag. *Fram undan er að hefja formlega undirbúning verkefnanna, hluti af því er að funda með byggðapróunarfulltrúum varðandi gagnaöflun.*
- Á tímabilinu sóttu nokkuð mörg fyrirtæki ráðgjöf um markaðsmál hjá MSS.
- Búið er að opna fyrir umsóknir í uppbyggingarsjóð og búið að kynna á samfélagsmiðlum MSS og hóp samstarfsaðila. *Fram undan er að kynna kynningarfund og ráðgjöf í tengslum við sjóðinn.*

## Samstarf Markaðsstofa landshlutanna (MAS)

Nokkrir fundir forstöðumanna MAS hafa verið frá síðasta stjórnarfundum um samninga, annars vegar án samningsaðila og einnig með þeim. Þá er einnig fram undan sameiginlegur vinnufundur allra starfsmanna MAS á Vesturlandi í lok febrúar. Ferðamálastofa styður við slíka samstarfsfundi þar sem þeir efla samstarfið verulega, eykur skilvirkni verkefna og er ávallt unnið að sameiginlegum verkefnum á fundunum auk þess að kynna sér starfsemi í mismunandi landshlutum.

Í fyrsta sinn var haldin **ferðapjónustuvika** í tengslum við Mannamót og sóttu starfsmenn viðburði hennar eins og möguleiki var á meðfram undirbúningi fyrir Mannamót. Að vikunni stóðu Markaðsstofur landshlutanna, Samtök ferðapjónustunnar, Íslenski ferðaklasinn, Ferðamálastofa og Íslandsstofa.

**Mannamót Markaðsstofa landshlutanna** er stærsti viðburður ferðapjónustuvikunnar og sóttu hann um 1000 gestir í ár. Um 250 fyrirtæki voru skráð til leiks sem sýnendur og þeim fylgdu vel yfir 400 manns. Um 70 fyrirtæki voru af Suðurlandi og var mikill kraftur og gleði sem ríkti í hópnum. Viðburðurinn er því orðinn mjög fjölsóttur og höfðu margir á orði að þetta væri alltaf skemmtilegasti ferðaviðburður ársins. Þarna koma saman innlend ferðapjónustufyrirtæki, innlendir og erlendir ferðasalar auk stoðkerfis ferðapjónustunnar. Starfsmenn MSS lögðu fram fjölmargar vinnustundir við undirbúning, skipulag og uppsetningu viðburðarins. Boðið var upp á undirbúningsfund með sunnlenskum ferðapjónustuaðilum fyrir Mannamót þar sem farið var upp á helstu praktísku atriðin fyrir viðburðinn. *Fram undan er að staðfesta dagsetningu næsta árs (líklega 16. janúar 2025).*

### Samstarf við Ferðamálastofu

Í byrjun janúar komu Elías Bj. Gíslason og Arnar Már Ólafsson frá Ferðamálastofu í heimsókn og fóru framkvæmdastjóri og verkefnastjóri áfangastaðaáætlunar yfir verkefni síðasta árs skv. samningi ásamt stöðu mála í ferðapjónustu á Suðurlandi. Starfsfólk MSS fékk hrós fyrir góða og skýra framsetningu efnis og góða vinnu við verkefni. Í ferðapjónustuvikunni áttu forstöðumenn MAS og forstöðumenn sviða Ferðamálastofu góðan fund um sameiginleg verkefni. Gagnlegt samtal milli aðila eykur gagnkvæman skilning og samvinnu.

*Fram undan er að klára að undirrita samninga ársins auk þess að eiga fund með um verkefni sem möguleiki er á auknu samstarfi um. Hugmyndin kom upp á fundi með faghópi sveitarfélaganna.*

Framkvæmdastjóri sat í vinnuhóp um aðgerðaáætlun stjórnvalda sem fjallaði um rannsóknir, gögn og nýsköpun. Um miðjan janúar skilaði hópurinn af sér lokatillögum sínum til stýrihóps verkefnisins. Því fylgdu nokkrir vinnufundir og yfirlega á tímabilinu frá síðasta stjórnarfundum.

### Samstarf við Íslandsstofu

Framkvæmdastjóri sótti vinnustofu um vaxtartækifæri í ferðapjónustu í Grósku 13.des. Nýttist inn í útflutningsstefnu Íslandsstofu.

Fundur með Cruise Iceland og Íslandsstofu, rætt um bókunarkerfi hafna og mögulega samvinnu. Því þarf þó að fylgja fjármagn því verkefni geta verið stór og flókin.

Unnið var að og fundað um samninga við Íslandsstofu, m.a. fundað í tengslum við ferðaþjónustuviku. *Fram undan er að eiga vinnufund um sameiginleg verkefni, skýra ferla og umfang verkefna í samræmi við skert fjármagn til markaðsstofanna. Verður hann haldinn í tengslum við vinnufund starfsmanna MAS á Vesturlandi til að takmarka ferðakostnað.*

## **Innra starf**

### **Áfangastaðaáætlun Suðurlands**

Stór hluti áfangastaðaáætlunarinnar var þýddur yfir á ensku að tilmælum Ferðamálastofu, þau greiddu fyrir verkið.

### **Morgunfundir**

Morgunfundir Markaðsstofunnar fóru aftur af stað eftir svolítið hlé í desember en þá var fundurinn nýttur í að ræða málefni sem snertu jarðhræringar á Reykjanesi. Í janúar stýrði Nejra svo fundi um gervigreind (AI) þar sem hún fór yfir grunnatriðin við notkun, hvar helstu upplýsingar er að finna og hvernig MSS nýtir gervigreind. Mikill áhugi er hjá fyrirtækjum að hafa þessa fundi til að ræða mál sem eru í gangi hverju sinni og ákveðið var að hafa fasta fundi einu sinni í mánuði fram á vor til að byrja með.

*Fram undan er morgunfundur fyrir samstarfsfyrirtækin þar sem rætt verður hvernig best er að kynna Eldfjallaleiðina fyrir ferðamönnum og ferðaskrifstofum.*

### **Ýmsir fundir og ráðstefnur**

Starfsmenn fylgjast með því sem er í gangi á vettvangi ferðaþjónustunnar og sækja þá viðburði sem eru viðeigandi og tækifæri á að sækja, á stað eða rafrænt.

- Kynning Ferðamálastofu á nýjustu spá um fjölda ferðamanna
- Fundur með Eik fasteignafélagi um fjárfestingamöguleika
- Nýársráðgjafastofa ferðaþjónustunnar
- MICEland viðburður í ferðaþjónustuviku
- Dagur ábyrgrar ferðaþjónustu með áherslu á sjálfbærni áfangastaðarins
- Ferðataeknimót
- Regenerative tourism workshop
- Og ýmislegt fleira

## **Staða samninga**

### *Ferðamálastofa*

Markaðsstofur landshlutanna (MAS) hafa unnið sameiginlega að breytingum á efnisatriðum þeirra samninga og stýttist í að niðurstaða verði komin þar. Samningar eru með mjög svipuðu sniði og undanfarin þrjú ár þó að einungis verði samið nú til eins árs þar sem beðið er niðurstöðu úr vinnu að aðgerðaáætlun stjórnvalda. Óbreytt upphæð er í samningum ársins. Stjórn samþykk að klára samninga.

### *Íslandsstofa*

Íslandsstofa boðaði lækun samningsupphæðar fyrir jólin vegna skertra fjárframlaga til

þeirra fyrir 2024. Viðræður standa yfir um innihald og sameiginleg verkefni. Skerðingu var mótmælt af MAS en hún stendur nema komi til aukafjárveitingar.

Þar sem ekki er komin endanleg niðurstaða í samninga þá er endanleg kostnaðaráætlun ársins ekki tilbúin.

### **Starfsáætlun 2024**

Starfsáætlun 2024 - Framkvæmdastjóri kynnir starfsáætlun ársins 2024 og fer yfir þær uppfærslur sem er búið að gera. Stjórn samþykkir starfsáætlun ársins.

### **Önnur mál**

- Það barst erindi frá ráðuneytinu að tilnefna í áheyrnarfulltrúa í stjórn Vatnajökulspjóðgarðs. Framkvæmdastjóra er falið að tilnefna aðila ásamt Markaðsstofu Norðurlands og Austurbrú.
- Aðalfundur og árshátíð MSS verða haldin 19. apríl á Hótel Selfossi. Framkvæmdastjóri og starfsmenn vinna að undirbúningi viðburðar.

Fundi slitið kl. 11:30.